krækiber

Lesgleraugu

Það var fyrir þó nokkrum árum að ég settist niður eitt skammdegiskvöld og ætlaði að fara að bródera í kaffidúkinn minn, sem ég hafði haft í ígripum seinustu tuttugu árin. En nú brá svo við, að ég sá ekki nógu vel til þess að sauma þessi fíngerðu spor með einföldu „áróragarni". Var ég nú orðin svo gömul, að ég þyrfti lesgleraugu?

Ég brá mér til augnlæknisins, en hann sagði að ég þyrfti engin lesgleraugu næstu tvö árin. ég væri nú líka svo ung ennþá. Léttfætt skokkaði ég út frá honum, en vafði kaffidúkinn saman og stakk honum upp í skáp og reyndi að gleyma honum.

Næstu tvö árin las ég mín blöð og bækur skammlaust en ansans ári gekk mér alltaf illa að þræða nál. Brátt fór líka að bera á því að báglega sá ég í símaskrá og mér hætti til að hringja í skökk númer. Og þegar svo var komið, að ég gat ekki á dimmum skammdegismorgnum lesið framhaldssöguna í Mogganum mínum, hvað langt, sem ég teygði handleggina frá mér, fór ég aftur til augnlæknisins og nú varð þessu ekki frestað lengur.

Ég var nú orðin ein af þessum virðulegu miðaldra konum með lesgleraugu.

Mér tókst að ljúka kaffidúknum, sem ég hafði byrjað á fyrir 23 árum og persónur Maríu Lang í framhaldssögu Moggans hurfu ekki lengur í þoku, þegar ég sat yfir morgunteinu. Það var aldeilis munur að lifa.

Ennþá hætti ég mér samt ekki með gleraugun á almannafæri. Ég hafði þau aldrei með mér í hús og þegar mér voru sýndar myndir verð ég nú að viðurkenna að ég sá þær bara í þoku, þó að ég reyndi að rétta þær sem lengst frá mér.

Á söngæfingunum þraukaði ég gleraugnalaus eftir þetta heilan vetur. Það var furða hvað nóturnar voru skýrt prentaðar. En næsta haust var það vonlaust. Nú varð ég að hafa gleraugun, öðruvísi var vitavonlaust að sjá nóturnar. En á móti varð ég líka að sætta mig við að sjá söngstjórann aðeins í móðu.

Nú er svo komið, að ég fer ekki út úr húsi án þess að stinga gleraugunum í veskið. Ég set þau upp, þegar ég þarf að skrifa ávísanir, en fram að þessu hefur mér tekizt að skrifa nafnið mitt gleraugnalaust og meira að segja nafnnúmerið ef birtan er góð.

Ég stirðna ekki í handleggnum á málverkasýningum, því að langi mig til að sjá nöfn myndanna í sýningarskránni verð ég skilyrðislaust að setja upp gleraugun, en ríf þau jafnóðum aftur, þegar ég fer að skoða næstu mynd.

Nú skil ég konuna, sem tautaði: „Hvað er að sjá gleraugun mín, það er eins og ég hafi stungið þeim í sykurkarið." Ég er nefnilega farin að þurfa að nota þau í eldhúsinu þá sjaldan ég er svo myndarleg að baka eða búa til rétt eftir uppskrift svo og til að sjá skammlaust á búrvigtina. Ósjaldan vill þá setjast á þau smjörlíkisklessa og sykur- eða hveitiský, því að sífellt er ég að þrífa þau ofan á milli þess, sem ég lít í uppskriftina.



Furðulegt var, hvað mér fannst lítið aukazt við andlitshrukkurnar á undanförnum árum. En fyrir skömmu var mér litið í spegil — gegnum gleraugu. Ég held að ég geri það ekkert aftur í bráð. Það er líka ansi óþægilegt að fremja andlitssnyrtingu með gleraugun á nefinu.

Enn er ég ekki komin á það stig að leita dyrum og dyngjum að gleraugunum og finna þau svo á nefinu eða í svuntuvasanum. En kannski líða ekki svo mörg ár, þangað til að því kemur.

Anna María Þórisdóttir.

Guðrún Svava Svavarsdóttir

kvaddi sér líka hljóðs í fyrsta sinni með sýningu í Gallery SÚM. Einnig hún hefur kosið sér einskonar raunsæi, sem ekki er þó komið í fastan farveg og verkin á sýningunni voru álíka misjöfn að gæðum og oft vill verða á fyrstu sýningum. Þau beztu voru þó bæði athyglisverð og eftirminnileg og það er meira en nóg til að gleðjast yfir. Guðrún Svava málar fólk og landslag, stundum með rómantísku ívafi eins og myndirnar af Þorsteini frá Hamri í blómskrýddri brekku, ellegar með súrrealísku ívafi eins og myndina af dansmærinni, systur listakonunnar, sem kom fagurlega svífandi til jarðar í Hollandi. . . Með þessu hefur Guðrún Svava haslað sér völl í myndgerð með margvíslega þróunarmöguleika; í því húsi eru margar vistarverur svo notuð sé gömul og góð samlíking. Áhrifin eru að hluta komin úr popplist og að hluta úr nýraunsæi. Mér sýnist Guðrún Svava bæði hafa nægilega hæfileika og kunnáttu til að geta spunnið sinn eigin vef úr því á áhugaverðan og persónulegan hátt.

Jóhannes Kjarval

er ennþá jafn hugstæður, sérstæður og hrífandi og þá er hann var á meðal okkar. Það hefur enn einu sinni orðið ljóst og kannski aldrei betur. Sýning á myndum úr eigu Reykjavíkurborgar og úr einkaeign er framúrskarandi og það er hollur skóli að gaumgæfa vinnubrögð Kjarvals í þessum myndum. Þar er ekkert til sparað í vinnu og fyrirhöfn að árangurinn verði sem beztur og tilfinning Kjarvals er svo fín og mögnuð í senn, að myndir hans verða aldrei stirðlegar, hversu mikið sem hann vinnur þær. Þessi sýning mun standa fram í ágúst og verða henni gerð nánari skil í Lesbók á næstunni og skal því ekki fjölyrt frekar um hana hér.

Jónas Guðmundsson

hefur verið mikilvirkur að undanförnu og haldið sýningar, sem spanna svæðið frá Hvammstanga til Frankfurt. Á sýningu hans að Kjarvalsstöðum voru nálega einvörðungu vatnslitamyndir og gætu ýmsir lært af Jónasi í tækni, sem velgdu bekki í listaakademíum, meðan hann var enn að stýra togurum. Tækni er gott vegarnesti; undirstöðuatriði, sem menn ættu að læra í skólum, en virðist vera vanrækt nú orðið.

Jónas hættir sér ekki út í neinar óviðráðanlegar ófærur og kemst vel frá sínum viðfangsefnum, sem einkum eru hús og skip. Hann er í mikilli framför og það er út af fyrir sig markverður áfangi að hljóta samþykki listráðs á Kjarvalsstöðum eftir ekki lengri feril.

Einar Þorlákksson

sýndi bæði í Gallerí Sólon Íslandus og á Ísafirði, en það voru minni háttar sýningar; millikafli, sem ekki markar tímamót á ferli listamannsins. Að þessu sinni sýndi Einar pastelmyndir; margar þeirra hugljúfar og litfagrar, en af reynslunni virðist mega ráða, að málarar hafi takmarkaðan ávinning af að vinna með pastellitum til lengdar. Abstraktmyndir Einars frá síðustu sýningu hans, unnar í acryl, höfðu stórum meiri slagkraft. Þegar bezt lætur og Einar hittir naglann á höfuðið, gerir hann athyglisverðari abstraktmyndir en flestir hérlendir málarar.

Grafíksýningin

í Norræna Húsinu var merkur listviðburður. Það er komið upp sterkt lið í þessari grein og þar er leikið á skemmtilega ólíka strengi. Mér virtist ungt fólk vera í miklum meirihluta meðal sýninargesta og áhugi þess gefur fyrirheit um enn frekari landvinninga þessarar listgreinar. Greinilegt er að ýmislegt, sem nútíma listamönnum er hugleikið, næst betur fram í grafík, en á annan hátt, enda mikill misskilningur að öll myndræn viðfangsefni verði bezt leyst með olíulit á léreft.

Bragi Ásgeirsson

opnaði sýningu í Norræna húsinu um miðjan maí og er henni lokið. Bragi sýnir myndir, sem telja verður í beinu framhaldi af því sem sést hefur frá hans hendi að undanförnu; myndverk unnin á plötur, þar sem ákveðið og sérstætt „andrúm" er myndað fyrir tilstuðlan fundinna hluta, litar og jafnvel eftirprentana. Bragi hefur um árabil þróað þessa myndgerð; hann hefur skipað þann bás einn hér á landi eftir því sem ég veit bezt. Bragi hefur alltaf náð mjög persónulegum tökum, hvort heldur hann vann í grafík eða málaði. Þó hér sé ekki um málverk að ræða í venjulegum skilningi þess orðs, tekst Braga að skapa merkilegan myndheim, sem þróast getur í ýmsar áttir: Sumum kann að virðast myndir af þessu tagi dálítið strembnar við fyrstu kynni, en þær vinna á eins og allt sem vel er gert.

Listasafn Ríkisins

eða öllu heldur nefndin, sem sér um innkaup á listaverkum til safnsins, hefur sannarlega átt þess kost að festa kaup á ágætum verkum á þessum vetri. Hinsvegar hefur háttalag nefndarinnar ekki vakið litla athygli — og þá fyrir það sem síður skyldi. Stundum virðist svo sem þessi nefnd sé búin að ákveða það áður en sýning er opnuð, hvort ómaksins virði sé að líta þar inn og margir hafa látið í ljósi furðu á vali nefndarinnar. Að sjálfsögðu á safnið að kaupa myndir á hverri einustu sýningu, sem haldin er að Kjarvalsstöðum og í Norræna húsinu, — minnugt þess, að þar eiga að vera þröskuldar, sem einungis frambærileg list kemst yfir. Samt var nefndin beinlínis rekin til að koma á sýningu Gunnlaugs Stefáns í Norræna Húsinu og án þessa hefði safnið ekki eignast mynd eftir hann frá þessari athyglisverðu sýningu. Nefndin sniðgekk allar beztu myndir Þorbjargar Höskuldsdóttur og festi kaup á mynd, sem stóð þar flestum að baki. Á sýningu Baltasars kom nefndin ekki fyrr en næst síðasta daginn og festi kaup á mynd, þegar ekkert úrval var lengur til. Ef Listasafn Íslands á að verða meira en nafnið tómt, er nauðsynlegt að ástunduð verði önnur og betri vinnubrögð í þessu efni.